REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 441/1998.

1. gr.

Lokamálsliður greinar 37.4. orðast svo: Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Bókmenntakynningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs er að stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal Bókmenntakynningarsjóður, eftir því sem fjárheimildir leyfa:

Veita þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og standa að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi.

Veita íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis.

Láta vinna kynningarefni á erlendum tungumálum.

Hafa umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis.

Halda úti tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf sitt innan lands og utan og semja um aðgang að gagnabönkum sem tengjast verkefnum sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting á fjárlögum og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Félagi íslenskra bókaútgefenda, en formaður skal skip-